

FRÆÐSLUNEFNDARFUNDUR

HALDINN 26.6.2019 Á KIRKJUBÆJARSTOFU Á KIRKJUBÆJARKLAUSTRI

KI. 16:00

Fundur nr. 164

Mættir eftirtaldir nefndarmenn:

Þorsteinn M. Kristinsson Formaður (D), Einar Bárðarson (D), Davíð Andri Agnarsson (D), Arndís Jóhanna Harðardóttir (Z) og Fanney Ásgeirs dóttir (Z).

Lilja Harðardóttir fulltrúi foreldra

Katrín Gunnarsdóttir skólastjóri.

Einar Bárðarson ritar fundargerð.

Formaður setur fund og býður fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

KI. 16:00 – Kirkjubæjarskóli á Síðu.

a) Skóladagatal skólaárið 2019 – 2020.

Fræðslunefnd fer yfir skóladagatalið með Skólastjóra. Skólastjóri hefur borið Skóladagatalið undir starfsmenn skólan og engar athugasemdir bárust frá starfsmönnum. Fræðslunefnd samþykkir Skóladagatal Kirkjubæjarskóla fyrir veturninn 2019-2020 með þeirri breytingu að starfsdagur 13.ágúst 2019 verið færður sem starfsdagur 5. júní 2020

b) Drög að persónuverndarstefnu.

Skólastjóri fer yfir drög að persónuverndaryfirlýsingu Kirkjubæjarskóla sem unnin hafa verið af fyrirtækinu Dattaca Labs ehf fyrir Skafárhrepp. Skólastjóri leggur til breytingu á grein 6 sem varðar geymslu gagna og leggur til að Héraðsskjalasafni Rangár-og Vestur-Skaftafellssýslu verði falið að geyma gögnin í stað Þjóðskjalasafns Íslands. Fræðslunefnd samþykkir drögin og breytinguna fyrir sitt leysi og felur skólastjóra að vísa drögum um Persónuverndaryfirlýsingu Kirkjubæjarskóla til sveitarstjórnar til samþykktar.

c) Starfsnám kennaranema á lokaári.

Lagt fram til kynningar

Fræðslunefnd fagnar öllum leiðum til að fjölga í kennurum á landsvísu.

AJN DAA
EIB Jalla

d) Staða í ráðningarmálum.

Enn vantar kennara í Kirkjubæjarskóla fyrir miðstig, 5-6 bekk.

Búið er að ráða leiðbeinanda í smíðakennslu.

Enn vantar kennara í textílmennt en skólastjóri hefur ákveðnar hugmyndir um að leysa kennslu í textílmennt í vetur.

Ekki er kominn íþróttakennari á haustönn 2019

e) Mentor.

Skólastjóri fer yfir stöðuna á Námfús og Mentor. Skólastjóri hefur farið yfir rekstrarhlíðina á Mentor á móti Námfús og er rekstrarkostnaður Mentor hærra. Skólastjóri hefur ákveðið að skipta yfir í Mentor og notast við það kerfi frá og með haustönn 2019

f) Önnur mál.

Engin önnur mál.

Kl. 17:00 – Heilsuleikskólinn Kærabær.

Guðrún Sigurðardóttir skólastjóri mætir á fundinn

Unnar Blandon fulltrúi foreldra

a) Bréf frá foreldri dagsett 23. maí 2019 – Til fræðslunefndar, b.t. formanns.

Formaður les upp bréf frá foreldri í leikskólanum. Lýsir foreldrið áhyggjum sínum af leyfisveitingum í maí mánuði, oft tengt sauðburði í sveitinni, skertri þjónustu leikskólans vegna fjarvista starfsmanna Heilsuleikskólans Kærabæjar.

Skólastjóri Heilsuleikskólans Kærabæjar upplýsir að í vetur hefur þurft að senda börn heim úr leikskólanum 5 sinnum alls í vetur, þar af 3 skipti í maí. Leikskólastjóri upplýsir einnig að búið er að taka á leyfisveitingum í maí áður en bréfið barst en því miður var ekki hægt að virkja þær starfsreglur fyrir maí 2019 og verður því ekki veitt frí í maí árið 2020. Skólastjóri dró einnig frá leikskólagjöldum þeirra nemenda sem fengu skerta þjónustu frá Heilsuleikskólanum Kærabæ.

Fræðslunefnd felur formanni fræðslunefndar að svara bréfritara í samræmi við bókun nefndarinnar

Fræðslunefnd bendir einnig á að áður hefur verið bókað um fjarvistir starfsmanna Heilsuleikskólans Kærabæjar og eru þau mál almennt í vinnslu hjá Skaftárreppi.

b) Skóladagatal 2019 – 2020.

Skólastjóri fer yfir skóladagatal 2019-2020

Fræðslunefnd samþykir skóladagatal Heilsuleikskólans Kærabæjar veturninn 2019-2020

c) Starfsmannamál.

A/H D/H
Jón E.
E.B

Heilsuleikskólinn Kæribær hefur auglýst eftir starfsmönnum í fjöldum, á Klaustur.is og á samfélagsmiðlum. Lítil viðbrögð hafa fengist við auglýsingum um störf á Heilsuleikskólanum Kærabæ. Ekki hefur tekist að ráða í tvær stöður fyrir veturninn 2019-2020.

d) Foreldrakannanir.

Foreldrakannanir hafa verið gerðar meðal foreldra um þjónustu sem Heilsuleikskólinn Kæribær framkvæmir árlega. Lítil þátttaka er meðal foreldra í könnununum og eru kannanirnar því vart marktækjar. Skólastjóri hefur þó tekið út nokkur atriði úr könnuninni til að vinna úr og hefur skólastjóri einnig ákveðið að efla foreldra til þátttöku í könnuninni til að markvisst megi bæta þjónustu Heilsuleikskólans Kærabæjar.

e) Mötuneytismál leikskólans.

Erfiðlega hefur gengið að fá þjónustu í mötuneytismálum Heilsuleikskólans Kærabæjar þegar Kirkjubæjarskóli er ekki starfandi, þ.e þegar Kirkjubæjarskóli fer í summar-, páska- og jólaleyfi. Ljóst er að endurskoða þarf fyrirkomulag í mötuneytismála hjá Skaftárreppi og hvetur fræðslunefnd sveitarstjórn Skaftárrepps til að skipa starfshóp, með því fólk sem kemur að rekstri mötuneyta í sveitarfélaginu í dag, til að fara heilstætt yfir mötuneytismál hjá Skaftárreppi til að bregðast við vanda sem steðjar að öryggi í mötuneytismálum hjá Skaftárreppi. Fanney Ásgeirs dóttir víkur af fundi.

f) Bréf dagsett 3. júní 2019, frá mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Lagt fram til kynningar, og hefur sveitarstjórn Skaftárrepps þegar svarað erindinu.

g) Jafnréttisáætlun.

Jafnréttisáætlun Heilsuleikskólans Kærabæjar hefur fengist samþykkt frá jafnréttisstofu. Fræðslunefnd gerir ekki athugasemd við jafnréttisáætlunina.

h) Stefna og viðbragðsáætlun í eineltismálum.

Fræðslunefnd samþykkir fyrir sitt leyti Stefnu og viðbragðsáætlun í eineltismálum.

i) Önnur mál.

Engin önnur mál


Fleira ekki gert á fundi, fundi slitið kl 18:20



Þorsteinn M. Kristinsson



Arndís Harðardóttir



Einar Bárðarson



Davíð Andri Ágúrsson

Davíð Andri Ágúrsson

Fanney Ásgeirs dóttir